

## Frumvarp til laga

um breytingu á lögum nr. 54/1990, um innflutning dýra, með síðari breytingum.

(Eftir 2. umr., 15. des.)

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Í stað liðarins „Búfjárræktarnefnd“ kemur í rétttri stafrófsröð nýr liður er orðast svo:  
*Fagrád:* Nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rannsóknnum, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar samkvæmt ákvæðum búnaðarlaga, nr. 70/1998.
- b. Liðurinn „Einangrunarstöð“ orðast svo: Sóttvarnaraðstaða fyrir loðdýr, gæludýr, fugla og fiska.
- c. Liðurinn „Sóttvarnardýralæknir“ orðast svo: Faglegur opinber eftirlitsaðili sóttvarnastöðvar þar sem dýr hafa verið flutt inn samkvæmt lögum þessum.

### 2. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „búfjárræktarnefndar“ og „hún“ í 1. málsl. kemur: fagráðs, og: það.
- b. Í stað orðsins „nefndin“ í 2. málsl. kemur: fagrád.

### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skal annast og bera ábyrgð á“ í 1. málsl. kemur: hefur eftirlit með og ber ábyrgð á.
- b. Í stað orðanna „Á sama hátt annast það“ í upphafi 2. málsl. kemur: Á sama hátt hefur það eftirlit með.
- c. Í stað orðsins „búgreinasamtökum“ í 2. málsl. kemur: búgreinasamböndum.
- d. Í stað orðsins „búfjárræktarnefnd“ í 2. málsl. kemur: fagrád.

### 5. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Vegna innflutnings á dýrum og erfðaeftni samkvæmt lögum þessum skal starfrækja sóttvarna- og einangrunarstöðvar. Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum til- lögum yfirdýralæknis, hvaða kröfur eru gerðar um útbúnað sóttvarna- og einangrunarstöðva. Ráðherra getur falið einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum rekstur stöðvanna.

## 6. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðast svo:

Sóttvarndýralæknir sóttvarnastöðvar getur verið viðkomandi héraðsdýralæknir eða dýralæknir sem yfirdýralæknir ræður sérstaklega til þeirra verka. Yfirdýralæknir setur sóttvarndýralækni erindisbréf með ákvæðum um skyldur hans varðandi smitgát vegna starfa við sóttvarnastöðina.

## 7. gr.

Í stað orðanna „búfjárræktarnefnda sem starfa eftir lögum um búfjárrækt“ í 11. gr. laganna kemur: fagráðs sem starfar samkvæmt búnaðarlögum, nr. 70/1998.

## 8. gr.

Í stað orðsins „búfjárræktarnefnd“ í 2. mgr. 12. gr. laganna kemur: fagráð.

## 9. gr.

Í stað orðsins „búfjárræktarnefndar“ í 13., 16. og 18. gr. laganna kemur: fagráðs.

## 10. gr.

17. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

## 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.